



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Meginmarkmið rýni stjórnenda er að gæða- og jafnlaunakerfi skólans séu í samræmi við þarfir skólans hverju sinni, þau séu fullnægjandi og virk. Við rýnina er leitað tækifæra til umbóta og ákvarðanir eru teknar um viðeigandi breytingar þegar þörf er á.

Rýni stjórnenda - skýrsla

Júní 2026

Leifur Ingi Vilmundarson, konrektor

Efnisyfirlit

Almennar kröfur.....	3
1. Staða aðgerða (umbóta, úrbóta og forvarna) frá fyrri rýni stjórnenda.....	3
2. Almenn staða úttekta, niðurstöður og eftirfylgni	7
2.1 Innri úttektir	7
2.2 Mat á hlítinu við lagalegar kröfur	8
2.3 Aðrar ábendingar, kvartanir og frábrigði	8
3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi.....	9
3.1 Ánægja nemenda með kennslu og aðra þjónustu.....	9
3.1.1 Kennslukönnun.....	9
3.1.3 Rýnihópaviðtal - nemendur.....	11
3.1.4 Ánægja nemenda með kennslu og þjónustu – árangur m.v. mælikvarða.....	11
3.1.5 Framhaldsskólalíf.....	12
3.1.6 Líðan og námsáhrif nemenda – árangur með hliðsjón af mælikvörðum	12
3.2 Starfsfólksamtöl.....	13
3.3 Starfsmannakönnun	13
4. Frammistaða ferla, samræmi vöru.....	15
4.1 Yfirferð á skjölum Rekstrarhandbókar	15
4.2 Kennslufræðileg áhersla skólans; markmið og mælikvarðar.....	16
Árangur nemenda	16
Starfspróun.....	17
4.2.1 Kennslufræðileg áhersla og markmið MS – staða gagnvart mælikvörðum.....	18
4.3 Staða mælikvarða gagnvart markmiðum jafnlaunakerfis	19
4.3.1 Yfirlit yfir stöðu mælikvarða gagnvart markmiðum jafnlaunakerfis.....	21
4.3.2 Árangur jafnlaunakerfisins	27
4.4 Staða mælikvarða gagnvart stefnu og markmiðum um rekstur, húsnaði og skipulag	27
4.4.1 Yfirlit yfir stöðu mælikvarða gagnvart markmiðum um rekstur, húsnaði og skipulag	27
5. Staða forvarna og úrbóta	28
6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	29
7. Breytingar í rekstri MS sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið	29
7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans.....	30
8. Tillögur um umbætur og auðlindir	31
8.1 Umbætur.....	31
8.2 Auðlindir.....	32
9. Aðgerðalisti	32

Almennar kröfur

(ISO 9001:2015 OG) ÍST 85:2012:

Kröfur til rýni:

- framkvæmd árlega
- tryggja að gæðastjórnunar- og jafnlaunakerfið sé fullnægjandi og virkt

Niðurstöður (skýrsla) rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- tækifærum til umbóta
- hvers kyns þörfum á breytingum á gæðastjórnunar- og jafnlaunakerfinu
- þörfum varðandi auðlindir

Rýnifundur var haldinn:

Dags.: 18.06.2025	Tími: 10:30 – 12:00	Staðsetning: Tilvera	Fund boðaði: HSP
Mættir:	Helga S. Þórsdóttir rektor, Leifur Ingi Vílmundarson konrektor, Hjördís Alda Hreiðarsdóttir kennslustjóri, Ágúst Ásgeirsson námsbrauta- og námskrárstjóri, Sigurveig Grímsdóttir fjármálastjóri		
Fjarverandi:			

Hér á eftir eru teknar saman niðurstöður rýnifundarins í skýrslunni „Rýni stjórnenda“ og þjónar skýrslan því hlutverki fundargerðar fyrir rýnifundinn. Skýrslan er rituð af Leifi Inga, konrektor MS.

1. Staða aðgerða (umbóta, úrbóta og forvarna) frá fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir skólaárið 2025 - 2026 fór fram 18. júní 2026. Á aðgerðarlista fyrir skólaárið 2025 – 2026 voru ýmis verkefni og má hér sjá framgang þeirra:

Innri úttektir:

Haldið var áfram með úttektarhring nr. 5 í samræmi við skipulag (GÁT-018). Unnið var áfram að því að bæta verkferli í kringum úttektirnar með það að markmiði að einfalda eins og kostur var og auka skilvirkni. Unnið var áfram með Planner (Office 365) til að halda utan um innri úttektirnar og hefur það verklagt nýst vel.

Gæðastjóri og kennslustjóri vinna með innri úttektaraðilum og er verklagið komið í fastar skorður. Gæðakerfi skólans er í raun tvískipt, annars vegar sá hluti sem fellur undir jafnlaunakerfið og það eftirlit sem það kerfi sætir og svo hins vegar sá hluti sem snýr að öðrum þáttum skólastarfsins. Talsverð reynsla er nú komin á jafnlaunakerfi skólans og áherslan því í auknum mæli á að bæta og efla almenna gæðakerfið.

Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum:

Gætt er að því að sá möguleiki sé til staðar að koma fram ábendingum og kvörtunum með rafrænum hætti í gegnum heimasíðu skólans. Áfram var unnið að því að efla þátttöku í innra mati og vinna með nemendum í rýnihópum.

Þátttaka starfsfólks í Stofnun ársins fór úr 75% árið 2024 í 82% 2025. Gæðamarkmið skólans um 80% þátttöku er því enn skynsamlegt viðmið hvað þátttöku í stofnun ársins varðar.

Árleg starfsfólkssamtöl hafa fest sig í sessi og á skólaárinu tókst að bjóða öllu starfsfólki upp á viðtal við stjórnanda. Þessi viðtöl hafa gefið góða raun og er skynsamlegt að halda áfram með þetta verklag. Hins vegar má færa rök fyrir því að tími sé kominn til að endurskoða innihald þessara samtala en viðtalsvísirinn (GÁT-011) er kominn nokkuð til ára sinna.

Sú breyting varð á varðandi starfsþróun í skólanum að sérstakur starfsþróunarhópur var settur á laggirnar haustið 2025 í samræmi við gildandi kjarasamning. Þetta nýja fyrirkomulag á eftir að slípast en skref voru tekin í þá átt að skýra hlutverk starfsþróunarfulltrúa með drögum að starfslýsingu starfsþróunarfulltrúa FF sem er nú til umsagnar hjá Sundamönnum.

Frammistaða ferla, samræmi vöru:

Stöðugt þarf að fylgjast með og leita leiða til að fylgja eftir frammistöðu ferla til dæmis hvað varðar námsmat. Verklagsreglan um námsmat sem innleidd var við upphaf haustannar 2024 er enn í mótun og hefur gengið á ýmsu varðandi það að fylgja eftir því sem þar er sett fram, einkum hvað varðar framkvæmd lykilmatsþáttar ákvæðisins.

Verklagsreglur varðandi ráðningar og móttöku á nýju starfsfólki hafa reynst farsælar en stöðugt er leitað leiða til að gera það ferli liprara og léttara í framkvæmd.

Áfram er þörf á að vinna meira með hæfnimatrixur í verklaginu og leita leiða til að samtvinna betur gögn úr starfsmannasamtölum við gæðakerfi skólans.

Ritun og uppfærslur á starfslýsingum hélt áfram á skólaárinu, það verkefni felst fyrst og fremst í að uppfæra og endurbæta þær starfslýsingar sem þegar eru fyrir hendi.

Jafnlaunakerfið hefur verið virkt í fimm ár og varð engin breyting á því á skólaárinu. Hins vegar varð sú breyting á ytra umhverfinu að Alþingi breytti lögum á vormánuðum 2026 og er jafnlaunavottun ekki lengur lagaleg skylda. Skólinn ákvað í kjölfarið að segja upp samstarfi við Versa vottun og mun samsvarandi vottun því falla úr gildi í september 2026. Búist er við að í staðinn komi nýtt og einfaldara ferli undir stjórn Jafnréttisstofu.

Skólinn heldur áfram að innleiða eigið gæðastjórnunarkerfi þar sem markmiðið er að skapa vandað kerfi sem þjónar markmiðum skólans með skilvirkum og markvissum hætti. Næsta skref er að virkja snjallmenni á heimasíðu skólans sem hefur verið þjálfað í rekstrarhandbókinni og getur svarað spurningum. Stefnt er á að þetta gerist í júní áður en skrifstofunni verður lokað.

Úrbætur:

Gæðastarf skólaársins 2025-2026 fólst að miklu leyti í því að festa í sessi þær umbætur sem fram fóru árið á undan samhliða því að breyta og bæta gæðastarfið í skólanum. Hér er sérstaklega átt við

Þann hluta gæðakerfisins sem ekki fellur undir jafnlaunakerfið. Eftirfarandi þættir hafa verið á dagskránni:

- Unnið var úr heildarúttekt í ágúst 2025. Helstu aðgerðir voru að skerpa á skráningum, einfalda ferla og gera fundi skilvirkari.
- Haustið 2025 var farið í annað sinn með nýnema í Vatnaskóg yfir nótt. Í kjölfarið var ákveðið að stefna að dagsferð en áfram verður unnið að því að leita leiða til að bæta móttöku nýnema.
- Sérstaklega var unnið að því að kanna leiðir til að efla tölvufærni nemenda í M365 umhverfinu sem skólanum ber að bjóða upp á. Með tölvuumsjónarmanni var byggt upp vefumhverfið „Level up“ sem er spennandi tilraun til að þjálfa nemendur í grunnatriðum tölvuvinnslu í skólastarfinu. Leita þarf allra leiða til að ná til nemenda þar sem ljóst er að nýnemar koma afar mismunandi undirbún til leiks að hausti og það er talsvert verkefni að þjálfa þau upp í það að vera sjálfbjarga í M365 og Innu.
- Áfram var unnið með starfslýsingar en stöðugt ber að gæta þess að uppfæra og endurskoða þær. Við bættust skrifstofustjóri, þjónustufulltrúi, persónuverndarfulltrúi og skjalastjóri auk þess sem drög voru unnin að öðrum störfum m.a. starf kerfisstjóra en fínþússa þarf nýja starfslýsingu með nýráðnum tölvunarfræðingi.
- Markviss vinna við að skerpa hlutverk, ábyrgð og starfsramma starfsfólks skólans.
- Ritun fundargerða er í föstum skorðum. Helstu fundargerðir eru birtar í vikulegu fréttabréfi en einnig eru gögn funda vistuð jafnóðum inn á starfsmannahandbókina sem geymd er í Sharepoint og GoPro.
- Verklagsreglur fengu talsverða athygli í gæðaráði þetta skólaárið en unnið var að því að bæta orðalag og einfalda ferli með hliðsjón af athugasemdum innri úttektaraðila.
- Verklagsregla um námsmat var betrumbætt í samræmi við ábendingar frá nemendum og kennurum. Almennur vilji er fyrir því að halda áfram með lykilmatsþáttinn í námsmatinu, regluna má finna á [heimasíðu skólans](#).
- Kennslukannanir voru uppfærðar haustið 2025 og var helsta breytingin sú að tekinn var út möguleikinn „hlutlaus“ og nýjum spurningum bætt við sem eru meira í anda þess sem spurt er um í Framhaldsskólalápinum. Var markmiðið að fá raunhæfari sýn á þær spurningar í framhaldsskólalápinum sem komið hafa illa út undanfarin ár, t.d. hvað varðar tíðni leiðsagnarmats. Talsverð áskorun reyndist að ná svarhlutfalli upp í samræmi við gæðaviðmið, einkum þegar leið á skólaárið. Leita þarf leiða til að ná betur til nemenda, mögulega með markvissari þátttöku kennara.
- Áfram var unnið að því að birta rekstrarhandbók á vefsvæði skólans. Spennandi kostur þar að nota spjallþjark sem viðmót til að halda utan um handbókina eins og dæmi eru um. Samstarfsaðili skólans í gervigreindarmálum hefur unnið þá lausn og er stefnt að því að innleiða hana við upphaf haustannar.
- Enn tókst ekki að ljúka endurnýjun á stofnanasamninga við aðra en KÍ, leita þarf leiða til að gera endurnýjun slíkra samninga raunhæfari og skilvirkari.
- Lokið var við vinnulýsingu um persónuvernd og upplýsingaöryggi (VNL-003) sem er víðtækt skjal sem nær yfir margt sem snýr að öryggismálum í skólabyggingunni.

Ytri kröfur (jafnlaunakerfið fellur þar undir):

Kynning jafnlaunakerfis hélt áfram sem áður og var sérstakur liður á starfsdögum haustannar 2025.

Til stóð að bæta persónubundnum þáttum inn í launagreiningar í Emblu en það tókst ekki þar sem ekki hefur tekist að endurnýja stofnanasamninga. Hefur þessu verkefni ekki enn verið formlega lokið.

Allar lausar stöður innan skólans voru auglýstar formlega með það að leiðarljósi að höfða til allra kynja. Þetta á bæði við um stöður sem auglýstar voru opinberlega sem og þau sérverkefni sem auglýst voru innan skólans.

Breytingar sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið:

Unnið var áfram að breytingum á námsbrautum skólans, á vorönn setti skólinn fram nýjar námslínur sem standa nú nýnemum til boða við innritun á haustönn 2026. Spennandi verður að sjá hvaða áhrif bein innritun nýnema á námslínur mun hafa á skipulag skólstarfsins.

Ljóst er að leita þarf leiða til að bæta virkni nemenda í félagslífi. Þátttaka hefur farið dalandi og nú er svo komið að dansleikir standa ekki undir sér og margir nemendur taka ekki þátt í félagslífinu, sem er nýr veruleiki í MS.

Ráðningarkerfi Orra var notað áfram, það kerfi býður upp á ganglega þætti eins og flokkun og úrvinnslu umsókna, gerð ráðningarsamninga og fleira. Innleiðing þessa kerfis heldur áfram.

Stöðugt er unnið að því að ná fram frekari samlegð milli stjórnunarkerfa skólans. Unnið er að því að allt það helsta sem tengist daglegri starfsemi skólans eigi sinn sess í rekstrarhandbókinni og verklag sé skráð í fullu samræmi við framkvæmdina dags daglega. Þetta ferli er lifandi og lýkur aldrei.

Tillögur um umbætur:

Verið er að innleiða nýjar námlínur við skólann og stefnt að því að grípa þau tækifæri sem þar skapast. Þróa þarf markvisst næstu tvö skólaár með hvaða hætti námið getur best mætt nemendum þar sem þau standa, sérstaklega þegar litið er til nýnema.

Sjaldan hefur verið mikilvægara að virkja forráðafólk til samstarfs við skólann. Vonandi tekst að halda þeim hópi virkum sem starfað hefur í vetur og stækka hópinn í haust þegar foreldrar nýnema munu bætast í þýðið. Vísbindingar eru um alvarlegt bakslag í áfengisneyslu og það gæti verið ein af skýringunum á bak við minni virkni nemenda, enda er félagslíf skólans áfengislaust.

Leita þarf allra leiða til að koma betur til móts við félagslegar þarfir nemenda. Nýta þarf tækifærin sem Krossgötur skapa til inngildingar nemenda í félagslífi fyrir öll.

Stöðugt þarf að gæta að eftirfylgni með mætingu nemenda. Vinna þarf áfram að því að þróa verklag til að koma betur til móts við nemendur, einkum þá sem glíma við langvinn veikindi og áskoranir í námi. Hlutverk kennara verður seint ofmetið hvað varðar snemmtæka íhlutun gagnvart raunmætingu nemenda.

Tillögur um auðlindir:

Efling fagmennsku innan skólans er áfram áhersluþáttur í skólastarfinu. Mikil tækifæri eru til staðar með starfsþróunarteyminu sem byrjað var að innleiða á skólaárinu. Áriðandi er að halda þeirri vinnu markvisst áfram á næsta skólaári.

Tækifærin eru til staðar, starfendarannsóknir eru á góðum skriði. Grasrótarstarf eins og Menntabúðir í MS er orðið fastur liður í skólastarfinu og er flottur faglegur vettvangur.

Skólinn hefur ákveðið að vera ekki með sérstakan leiðsagnarnámshóp á næsta skólaári en leggja þess í staði meiri áherslu á almenna starfsþróun.

Haldið verður áfram að innleiða gervigreind í skólastarfi og vinna áfram með hugmyndina um „hálfnað verk þá hafið er“ sem voru áhersluatriði skólaársins. Vinnan hefur skilað mörgu jákvæðu en einnig verður að segjast að mótspyrnan hefur reynst umtalsverð sem er skiljanlegt.

Halda þarf sérstaklega vel utan um nýnema hvað stafræna færni varðar. Verður fróðlegt að sjá hvaða árangri netlausnin „Level up“ mun skila og hvort sú leið geti verið spennandi tækifæri til árangurs. Nýnemar munu spreyta sig á námskeiði þann 20. ágúst 2026.

Skýr rammi og festa eru einnig mikilvæg atriði sem gæta þarf að. Halda þarf áfram að taka litlu skrefin þar sem tækifærin gefast, til dæmis komu fram góðar hugmyndir frá kennurum á starfsdögum í lok vorannar varðandi símana.

Áfram verður haldið vel utan um nýtt starfsfólk og skapa umgjörð sem hjálpar þeim að blómstra.

Vinna við endurskoðun áfanga og námslína þarf að vera markviss og grípa þarf þau tækifæri sem þar myndast.

Öll gögn benda til þess að MS standi mjög vel að vígi hvað mannauð varðar. Stemmingin í hópnum er sterk og öll sem hingað koma til starfa sýna áhuga á að halda áfram. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut og tryggja vandaða umgjörð þar sem starfsfólkið fær svigrúm til að dafna en jafnframt nauðsynlega festu til að skapa traust og öryggi á vinnustaðnum.

2. Almenn staða úttekta, niðurstöður og eftirfylgni

2.1 Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er unnið eftir sérstakri úttektaráætlun sem er gerð fyrir hvert skólaár. Í grunninn byggir áætlunin á *Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir (GÁT-017)* sem svo er útfært nánar í *Áætlun um innri úttektir (GÁT-018)*.

Á skólaárinu 2025 – 2026 fóru innri úttektir fram í samræmi við fyrrgreinda úttektaráætlun og 5. „hring“ jafnlaunavottunar.

Athugasemdirnar komu fram en voru minniháttar og snerust um að formfesta og staðfesta það sem þegar er til staðar auk þess sem ávallt má gera betur hvað framsetningu og orðalag varðar.

Úttektaraðilar þessu sinni voru Hjördís Alda Hreiðarsdóttir kennslustjóri, Hildur Halla Gylfadóttir náms- og starfsráðgjafi og Vignir Andri Guðmundsson kennari. Öll hafa þau sótt námskeið í framkvæmd innri úttekta og hafa nú áunnið sér umtalverða reynslu í framkvæmd þeirra.

Þær umbætur sem innri úttektir kölluðu á:

- Áfram þurfti að slípa til orðalag á ýmsum stöðum í kerfinu og m.a. aðgreina verkefni konrektors og gæðastjóra.

- Innri matsaðilar skráðu athugasemdir beint í Planner og fer gæðastjóri yfir þær athugasemdir og færir í skjal (GÁT-020) þar sem úrbætur eru skráðar.
- Verkefnalisti stjórnenda var skráður beint í Planner þar sem ábyrgðaraðili er skráður og tímamörk sett. Bætur þetta til muna eftirfylgni með stöðu verkefna og yfirsýn. Samhliða þurfti að breyta lýsingum verklags í viðeigandi skjölum.

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð gæðastjóra og er framkvæmt í samræmi við **VKL-401 Innri úttektir**. Úrvinnsla þeirra athugasemda sem fram komu í innri úttektum á vorönn 2025, haustönn 2025 og vetrarönn 2025-2026 hafa fengið umfjöllun í gæðaráði og eru ýmist í vinnslu eða hefur verið lokið.

Athugasemdir úr innri úttektum vorannar 2026 eru komnar á dagskrá í Planner og búið að tilnefna tímamörk og ábyrgðaraðila.

2.2 Mat á hlítingu við lagalegar kröfur

Mat á hlítingu við lagalegar kröfur, reglur og samninga sem tengjast jafnlaunakerfi Menntaskólans við Sund fór fram í 5. sinn með öðrum hætti en áður, í samráði við athugasemdir ytri úttektaraðila í ágúst 2025. Boðaður var fundur þann 9. júní þar sem farið var yfir breytingar á ytri kröfum og aðgerðir skjalfestar með formlegum hætti. Þar var unnið í samræmi við **VKL-404 Mat á hlítingu**.

Búið er að fara yfir og uppfæra eftir þörfum **STS-008 Lög, reglur og aðrar kröfur** en þar er búið að taka saman yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar kröfur sem taka til jafnlaunastaðals. Ekki komu fram frávík við matið. Helsta breytingin sem varð á skólaárinu er að alþingi felldi niður lagakvöð um formlega jafnlaunavottun frá ytri matsaðila. Skólinn tók í kjölfarið þá ákvörðun að segja upp samningi sínum við Versa vottun en halda engu síður áfram að viðhalda og þróa það jafnlaunakerfi sem starfrækt hefur verið frá 2022.

2.3 Aðrar ábendingar, kvartanir og frábrigði

Ábendingar og umbótataækifæri berast stjórnendum eftir ýmsum leiðum. Gæðamálin eiga sér fjölmarga snertifleti og þegar upplýsingaflæði er gott berast gagnlegar ábendingar víða að. Auk óformlegra leiða eru einnig formlegri boðleiðir í boði t.d. tölvupóstur og nafnlaus ábendingarhappur á heimasíðu skólans. Ábendingar eru almennt skráðar í Planner en vissulega getur stundum leikið vafi á því hvort um raunverulega ábendingu sé að ræða eða fyrirspurn sem þá er svarað um hæl.

Sérstaklega er haldið utan um frábrigði sem og ábendingar og kvartanir sem borist hafa frá starfsfólki varðandi launatengd málefni. Slík mál eru skráð í Planner undir „Launatengdar athugasemdir, kvartanir og ábendingar“ og hafa allar hlotið úrvinnslu. Hafa málin verið af eftirfarandi toga:

- Villur við afgreiðslu launa eiga sér stað við og við. Yfirleitt tengjast þessi mál skráningum og upplýsingaflæði milli kerfa. Konrektor skráir öll slík mál í planner og leitar lausna í samráði við fjármálastjóra og fjársýsluna.
- Launagreining fór fram í Emblu 18. júní 2026. Samkvæmt Emblu er óleiðréttur launamunur daglauna -2,81% konum í hag. Þar sem persónubundnir þættir hafa ekki enn verið skráðir í Emblu á eftir að greina sérstaklega í hverju þessi munur felst.
- Athugasemdir starfsfólks við launaröðun og launagreiðslur voru samtals 4. Allar slíkar athugasemdir voru afgreiddar og leiðrétting gerð ef á þurfti að halda. Eitt málið hefur reynst flóknara í meðförum en hin og stendur leiðréttingarferlið enn yfir í samráði við fjársýsluna.

3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Í Menntaskólanum við Sund (MS) er markvisst unnið að því að bæta gæði skólafarfa. Er það gert með hliðsjón af gæðamarkmiðum og kvörðum (**STS-002**) sem eru hluti þeirra stjórnunarkerfa sem skólinn starfar samkvæmt. Til að leggja mat árangur eru gögnum safnað og þau greind með markvissum hætti.

3.1 Ánægja nemenda með kennslu og aðra þjónustu

3.1.1 Kennslukönnun

Á hverri önn er framkvæmd kennslukönnun sem veitir þeim kennurum sem í úrtakinu lenda endurgjöf á störf sín. Þetta er sá farvegur sem nemendur hafa til að láta í ljós afstöðu sína til kennslu í einstaka áföngum í skólanum. Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu, með það að markmiði að bæta það sem betur má fara en ekki síður að greina það sem gott er. Kennslukönnunin er framkvæmd í gegnum kannanakerfi INNU. Niðurstöður voru birtar kennurum í annarlok og helstu þættir ræddir í kjölfarið í starfsfólkssamtölum. Einnig voru niðurstöður skólans í heild kynntar fyrir starfsfólki, fagstjórum og gæðaráði og lykiltölur birtar í Vikulokunum.

Reynslan síðustu ár hefur verið sú að stífa eftirfylgni þarf með kennslumati til að tryggja ásættanlegt svarhlutfall (viðmið skólans er 80% þátttaka en 60% talið ásættanlegt til að meta niðurstöður). Á skólaárinu gekk erfiðlega að ná 80% viðmiðinu en svörun náðist að jafnaði yfir 70% engu síður sem telst aðferðafræðilega ásættanlegt.

Framkvæmdin er í samræmi við verklagsreglu (**VKL-405**). Samkvæmt henni skal hver kennari fara í kennslumat einu sinni á hverju skólaári (framkvæmdin er útfærð í **GÁT-017 Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir**). Hver nemandi tekur þátt í kennslumati í u.þ.b. þremur áföngum á hverri önn og hefur þetta verklag verið að skila ásættanlegum niðurstöðum. Þetta árið var meðalþátttaka rúmlega 69% og skar haustönn sig aðeins úr hvað þátttöku varðar (65%).


Í kennslumatinu er áhersla lögð á að leggja mat á eitt lykilaðili þ.e. hversu ánægðir nemendur séu með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum. Viðmiðin eru tvö:

1. **Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð/t/ur með kennsluna í áfangunum“.**
2. **Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Aðstaða til náms og kennslubúnaðar (t.d. kennslustofa, tæki og tól)“.**

Hér má sjá svarhlutfall í kennslumati á önnum skólaársins 2025-2026.


Haustönn 2025	Vetrarönn 2025 - 2026	Vorönn 2026
Svarhlutfall – meðaltal skólans 65%	Svarhlutfall – meðaltal skólans 72%	Svarhlutfall – meðaltal skólans 70%
Tímabil fyriragnar 23.10.25 – 07.11.25	Tímabil fyriragnar 26.01.26 – 13.02.26	Tímabil fyriragnar 27.04.26 – 15.05.26

Niðurstöður skólaársins 2025 – 2026 voru teknar saman í eina heild og eins og má sjá á *Mynd 1* náðust gæðamarkmið (80%) skólans um ánægju nemenda með nám og kennslu í skólanum.



Mynd 1: Niðurstöður kennslukönnunar skólaárið 2025-2026 – Ánægja með kennslu 88%

Mynd 2 sýnir ánægju nemenda með aðstöðu til náms og kennslubúnaðar. Skólinn náði markmiði sínu en miðað er við að a.m.k. 80% nemenda séu ánægð með aðstöðuna.



3.1.3 Rýnihópaviðtal - nemendur

Rýnihópaviðtal með nemendum fór fram 13.05.2026. Fulltrúar úr gæðaráði, þau Hjördís Alda kennslustjóri og Leifur Ingi konrektor stýrðu umræðum með aðstoð félagsmálastjóra og námsráðgjafa. Var sjónum sérstaklega beint að líðan og inngildingu nemenda í skólanum, félagslífi, upplifun af kennslustundum, leiðsögn og stuðningi kennara, lykilmatsþætti, notkun gervigreindar og símaátaki. Að þessu sinni samanstóð rýnihópurinn aðeins af nemendum á 1. námsári.

Helstu niðurstöður úr rýnihópaviðtali voru eftirfarandi:

Upplifun nemenda af skólanum er almennt jákvæð. Helstu styrkleikar eru félagslífið, fjölbreytt námsfyrirkomulag (s.s. áfangakerfi og annaskipting), góð staðsetning og öflugt skólakerfi. Félagslífið segja nemendur líflegt og fjölbreytt, þó þátttaka sé stundum dræm og sumir upplifi útilokun eða klíkuskap. Nemendur kalla eftir betra skipulagi, skýrari kynningu á viðburðum og fjölbreyttari þátttökumöguleikum, t.d. í formi klúbba og undirnefnda.

Í námi og kennslu kemur fram að skipulag og álag mætti bæta, einkum með því að dreifa lykilmatsþáttum betur yfir önnina og samræma ákvarðanir kennara. Nemendur óska eftir skýrari endurgjöf, meira aðgengi að kennurum og meiri einstaklingsmiðaðri aðstöð. Vinnufriður er breytilegur og símanotkun truflandi, meðal annars vegna óskýrrar regluframfylgdar.

Aðstaða skólans er talin ófullnægjandi að hluta, sérstaklega hvað varðar sæti til að setjast niður, matsal og aðgengi að rýmum. Nemendur vilja aukið rými til samveru og lengri opnunartíma. Á heildina litið eru nemendur stoltir af skólanum en sjá tækifæri til umbóta í skipulagi, stuðningi og félagslegri þátttöku.

3.1.4 Ánægja nemenda með kennslu og þjónustu – árangur m.v. mælikvarða

Heildaryfirlit yfir ánægju nemenda með kennslu og aðra þjónustu sem veitt er í skólanum má sjá í *Töflu 1*.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að nemendur séu ánægðir með kennslu og aðra þjónustu sem veitt er í skólanum	<ul style="list-style-type: none"> - Áhersla lögð á eflingu námskrafts og leiðsagnarnáms - öfluga nemendaþjónustu auk hvatningar og eftirfylgni með mætingu - góða aðstöðu í kennslustofum - góða þjónustu við Nemendur eins og upplýsingamiðstöð og skrifstofu 	Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „ Á heildina litið er kennslan í áfanganum góð “ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn	88% nemenda sammála fullyrðingunni.	Kennslukönnun fór fram á öllum önnum og heildar-niðurstaða reiknuð í júní 2026.
		Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni Aðstaða til náms og kennslubúnaðar (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er fullnægjandi “ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn	90% nemenda sammála fullyrðingunni.	
		Að þjónustukannanir og rýnihópasamtöl sýni ánægju nemenda.	Rýnihópasamtal við nemendur fór fram þar sem ýmis tækifæri til umbóta voru rædd.	Rýnihópasamtal fór fram 13.05.2026

Tafla 1: Markmið um ánægju nemenda með kennslu og aðra þjónustu – staða gagnvart mælikvörðum

3.1.5 Framhaldsskólupúlsinn

Framhaldsskólupúlsinn er könnun fyrir framhaldsskóla þar sem sjónum er beint námsumhverfi, virkni í námi og líðan nemenda. Könnunin er lögð árlega fyrir nokkuð stórt úrtak nemenda (að jafnaði um 100-150 nemendur í MS) og býður því upp á að skoða upplifanir nemenda MS í samanburði við nemendur annarra framhaldsskóla. Á þessu skólaári var könnunin lögð fyrir í MS í október og var svarhlutfall nemenda 91%.

Eitt gæðamarkmið skólans er metið í gegnum Framhaldsskólupúlsinn og snýr það að líðan nemenda og námsáhuga. En einnig er lagt mat á fjölmarga þætti sem tengjast velferð nemenda og árangri í námi og kennslu.

Sem fyrr mældist MS marktækt undir viðmiðum hvað varðar námsumhverfið og virkni í námi. Þó ber að geta þess að MS hefur nú mælst undir þessum viðmiðum fjögur ár í röð en á sama tíma hefur skorið verið á uppleið síðan 2022 og það er afar jákvætt, þótt enn megi sannarlega gera miklu betur hvað þennan þátt varðar. Eftirtekt vekur að það mælist verulegur munur á kynjum, stúlkur í MS skora áberandi lægra en drengir.

MS mælist sem fyrr yfir viðmiðum hvað varðar líðan í skólanum, hamingju og þunglyndi og er þar á meðal þeirra skóla sem koma best út. Þróunin er ýmist sú að skólinn stendur í stað eða bætir sig, sem er mjög jákvætt. Eftirtekt vekur að MS bætir sig lítillega heilt yfir á meðan landsmeðaltalið fer marktækt niður á við.

Upplifun nemenda af leiðsagnarnámi í kennslustundum hefur verið gæðaráði hugleikin síðustu ár enda hefur skólinn mælst þar fremur lágt á sama tíma og mikil áhersla hefur verið lögð á leiðsagnarnám. Enn mælist MS marktækt undir viðmiðum og athyglisvert að sömu tölur mælast nú sem og árið áður, bæði í MS og landsmeðaltali. Staðan er þó enn óásættanleg hvað það varðar að MS mælist með allra lægstu skólum hvað þetta varðar og er þetta því áfram áhyggjuefni.

Því þarf að leita leiða til að gera betur og auka umræðuna við nemendur varðandi námsmat. Taka ber fram að spurningum í kennslukönnun var breytt sérstaklega til að mæla sambærileg viðhorf nemenda. Settar voru inn sambærilegar spurningar við þær sem eru í skólupúlsinum og samkvæmt niðurstöðum þar eru nemendur mun jákvæðari varðandi þessa þætti hér í skólanum (til dæmis telja 79% nemenda kennara sína almennt vera leiðbeinandi í náminu).

Í næsta hring kennslukönnunar er fyrirhugað að halda áfram að styðjast við spurningar Framhaldsskólupúlsins um leiðsagnarnám. Markmiðið er að auka áreiðanleikann en jafnframt fá betri mynd af stöðunni jafnframt önn fyrir önn og á sama tíma viðhalda samtalinu við nemendur um kennslu og námsmat.

3.1.6 Líðan og námsáhugi nemenda – árangur með hliðsjón af mælikvörðum

Í *Töflu 2* má sjá niðurstöður úr Framhaldsskólupúlsinum og hver árangur skólans er miðað við mælikvarða.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að nemendum líði vel og hafi áhuga á náminu	Áhersla lögð á - eflingu námskrafts og leiðsagnarnáms	Að námsáhugi nemenda MS mælist jafn mikill eða meiri en meðaltal annarra framhaldsskóla samkvæmt niðurstöðum skólans úr	MS: 5,3 Viðmið: 5,8 Mismunur: -0,5	júní. 2026

	- öfluga nemendabjónustu auk hvatningar og eftirfylgni með mætingu	könnuninni Framhaldsskólápúlsinn ¹ .		
	<ul style="list-style-type: none"> • góða aðstöðu í kennslustofum • góða þjónustu við nemendur, s.s. bókasafn og skrifstofu • öflugan stuðning við félagslíf nemenda • gott samstarf skólans við foreldraráð 	Að vellíðan nemenda MS mælist jafn mikill eða meiri en meðaltal annarra framhaldsskóla samkvæmt niðurstöðum skólans úr könnuninni Framhaldsskólápúlsinn.	MS: 5,0 Viðmið: 4,4 Mismunur: +0,6	júní. 2026

Tafla 2: Niðurstöður úr Framhaldsskólápúlsinum – staða gagnvart mælikvörðum

3.2 Starfsfólkssamtöl

Verklag var í samræmi við rekstrarhandbók skólans (*VKL-204 Frammistaða, hæfni og þjálfun*) og tókst að ná því markmiði að bjóða öllu starfsfólki skólans samtal, fyrir utan stjórnendur. Starfsfólki er skipt upp í fjóra hópa í starfsmannasamtölum innan skólaársins eftir námsgreinum til að dreifa álagi jafnt yfir árið (sjá skipingu í *GÁT-017 Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir (2025-2026)*).

Hjá kennurum helst tímasetning starfsmannasamtals í hendur við þátttöku í kennslumati sem fer fram einu sinni á ári hjá hverjum kennara. Starfsfólk hefur brugðist vel við því fyrirkomulagi sem nú er til staðar. Markmið skólans með fyrirkomulaginu er eru tvíþætt:

- **Tryggja gott svarhlutfall í kennslumati**
- **Bjóða starfsfólki reglulega og markvissa endurgjöf með starfsmannasamtölum**

3.3 Starfsmannakönnun

Á liðnum árum hefur verið gerð starfsmannakönnun innanhúss í skólanum. Við ritun markmiðs og mælikvarða (*STS-002 Gildi, stefna, markmið og mælikvarðar*) var ákveðið fara þá leið að nýta *Stofnun ársins* sem gögn í stað þess að leggja fyrir sérstaka starfsmannakönnun enda gefur hún samanburð við aðra framhaldsskóla auk þess að vera framkvæmd af fagaðilum með bæði áreiðanlegum og réttmætum hætti.

Stofnun ársins er framkvæmd af Gallup árlega og er Fjármála- og efnahagsráðuneytið ábyrgðaraðili könnunarinnar gagnvart starfsmönnum ríkisins. Tilgangur könnunarinnar er að veita upplýsingar bæði um það hvað vel er gert og hvað megi bæta út frá sjónarhóli starfsfólks og með það að leiðarljósi að gera stjórnendum kleift að vinna að umbótum á starfsumhverfi stofnunarinnar.

Hluti af þessari nálgun er að efla stofnanamenninguna varðandi þátttöku innan skólans í *Stofnun ársins* og er ljóst að það mun taka einhvern tíma að ná fram þeim breytingum sem þar er þörf. Alls tóku 56 starfsmenn þátt af 68 sem fengu sendan þátttökuhlekk frá Gallup. Svarhlutfall var því 82% sem telst gott og er umfram gæðaviðmið skólans.


Eitt þeirra gæðamarkmiða sem sett hefur verið í MS er mælt í *Stofnun ársins*, en það er að starfsfólki njóti starfsánægju. Mælikvarðarnir gagnvart þessu markmiði eru tveir:

- **Svörun við spurningunni „Á heildina litið líður mér vel í starfi mínu.“ samkvæmt könnuninni *Stofnun ársins* ár hvert**


¹ Niðurstöður þeirra matsþátta Framhaldsskólápúlsins sem nýttar eru við samanburð á niðurstöðum MS miðað við gæðamælikvarða eru settar fram á stöðluðum kvarða. Mælikvarðinn er normaldreifður og tekur gildi frá 1 til 9, með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. ANOVA próf er notað til að leggja mat á það hvort um sé að ræða marktækan mun.

- **Ánægja með vinnuskilyrði í MS samkvæmt könnuninni *Stofnun ársins* ár hvert.**


Markmiðið er að MS mælist jafnt eða hærra öðrum framhalds- og háskólum á báðum þessum mælikvörðum. Eins og síðasta ár náðist fyrra markmiðið en ekki hið síðara (sjá *Mynd 3* og *Mynd 4*). Þessi markmið eru samtengd þar sem ástands húsnaðisins hefur mögulega neikvæð áhrif á þau bæði en einmitt þess vegna er afar ánægjulegt að sjá að heilt yfir líður starfsfólki skólans mjög vel, umfram það sem almennt gerist. Eins og *Mynd 5* sýnir er líka hækkun hvað varðar vinnuskilyrði milli ára sem verður að teljast jákvætt þrátt fyrir að skólinn mælist enn verulega undir meðaltali. Ef rýnt er í spurningarnar sem að baki liggja kemur fram að sem fyrr eru loftgæðin er sú breyta sem skorar lang lægst (2,66) og lækkar nú milli ára. Halda ber til hoga að aðrar stofnanir skora sem fyrr einnig frekar lágt þessum flokki almennt (í kringum 3.7) en MS mælist sem fyrr undir meðaltalinu í öllum spurningum í þessum lið.



Mynd 3: Svörun við spurningunni „Á heildina litið líður mér vel í starfi mínu.“



Mynd 4: Ánægja með vinnuskilyrði í MS – samantekt nokkurra spurninga



Mynd 5: Þróun ánægju með vinnuskilyrði frá 2018 – samantekt nokkurra spurninga

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að starfsfólk njóti starfsánægju	Starfsmannasamtöl (VKL-202 Frammistaða, hæfni og þjálfun) og eftirfylgni þeirra. Fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar. Betri vinnutími í samræmi við kjarasamninga. Leitast er við að verða við óskum í töflugerð. Úrvinnsla úr niðurstöðum úr Stofnun ársins, leitað tækifæra til umbóta.	Að svörun við spurningunni „ Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu “ í MS sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert.	Stofnun ársins 2025: - MS: 4,62 - Aðrir framhalds- og háskólar: 4,45	Júní 2026
		Að ánægja með vinnuskilyrði í MS sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert.	Stofnun ársins 2025: - MS: 3,80 - Aðrir framhalds- og Háskólar: 4,11	júní 2026

Tafla 2: Markmið um starfsánægju – staða gagnvart mælikvörðum

4. Frammistaða ferla, samræmi vöru

4.1 Yfirferð á skjölum Rekstrarhandbókar

Á skólaárinu 2021 – 2022 var ritað jafnlaunakerfi fyrir skólann og vegna samræmis í uppbyggingu jafnlaunastaðalsins (ÍST 85:2012) við gæðastaðalinn ISO 9001:2015 var ákveðið að skrifa upp handbók gæðakerfis samhliða jafnlaunakerfinu þar sem það átti við og kallast hún Rekstrarhandbók. Kerfinu er ætlað að halda utan um jafnlaunakerfi, gæðakerfi og aðrar kröfur sem skólinn setur sjálfum sér. Rekstrarhandbókin er stöðugt í vinnslu, alltaf að breytast og aðlagast sem er einfaldlega nauðsynlegt í

þeim aðstæðum sem skólinn býr við. Markmiðið á hverjum tíma er að kerfið þjóni skólanum og skólstarfinu með áreiðanlegum og skilvirkum hætti.

Á skólaárinu 2025-2026 hefur verið markvisst unnið að yfirferð lykilskjala í gæðamálum náms og kennslu og leitast við að Rekstrarhandbókin endurspegli það verklag sem viðhaft er í skólanum dags daglega. Komið er að því að leita leiða til að birta rekstrarhandbók skólans og gera skjöl hennar aðgengilegri starfsfólki, snjallmenni á heimasíðu skólans er skref í þá átt sem vonandi verður fyrir upphaf næsta skólaárs.

4.2 Kennslufræðileg áhersla skólans; markmið og mælikvarðar

Hér er gerð grein fyrir frammistöðu skólans gagnvart kennslufræðilegri áherslu hans og markmiðum.

Árangur nemenda

Árangur nemenda er skoðaður út frá ýmsum þáttum, s.s. námsárangri, skólasókn, námstíma og brottfalli.

Meðaleinkunn

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér það markmið að meðaleinkunn nemenda á hverri námsönn sé 6,5 eða hærrí. Þegar árangur nemenda á skólaárinu 2025 – 2026 er skoðaður má sjá að það markmið náðist á öllum önnum. Meðaleinkunn á haustönn 2025 var 7,1. Á vetrarönn 2025-2026 var meðaleinkunnin 6,7 og á vorönn 2025 var hún 6,8.

Námsárangur

Hvað námsárangur varðar hefur Menntaskólinn við Sund sett sér það markmið að hlutfall nemenda sem ekki nær lágmarksárangri í áfanga (undir 5 í einkunn) sé 10% eða lægra. Á skólaárinu 2025 – 2026 náðist markmiðið á öllum önnum. Á haustönn 2025 voru 4,2% af einkunnum undir 5. Á vetrarönn voru 6% einkunna undir 5. Á vorönn voru 6,5% einkunna undir 5. Yfir skólaárið eru það 5,8% einkunna undir 5 og því náði skólinn markmiði sínu hvað námsárangur varðar.

Raunmæting

Á skólaárinu 2025-2026 fór raunmæting lækkandi þegar leið á skólaárið. Á haustönn var meðal raunmæting 86,0%, á vetrarönn 82,5% og á vorönn 81,3%. Í heildina var meðalraunmæting skólaársins 83,3% og náði skólinn því markmiðum um að vera yfir 80% raunmætingarhlutfalli yfir skólaárið og náðist markmiðið á öllum önnum. Þó er ljóst að vorönn var rétt yfir mörkunum og vinna þarf með leiðir til að auka raunmætingu nemenda á komandi skólaári.

Brotthvarf

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér það markmið að brotthvarf nemenda úr skólanum sé ekki meira en 1%. Brotthvarf telst þegar nemandi hættir í skólanum án þess að útskrifast eða flytja sig í annað nám á framhaldsskólastigi. Tilfærsla nemenda milli framhaldsskóla er ekki talin til brottfalls. Fleiri skýringar aðrar en raunverulegt brotthvarf úr námi geta verið á brotthvarfi nemenda úr skólanum, svo sem skiptinám eða búferlaflutningar erlendis. Samkvæmt brotthvarfsskýrslu sem unnin er í október ár hvert út frá gögnum frá 1. október árið á undan til 30. september yfirstandandi árs, var brotthvarf úr MS 1,5% miðað við fjölda nemenda á stúdentsbrautum við upphaf haustannar 2024.

Á tímabilinu voru 68 nemendur á stúdentsbrautum sem ýmist hættu námi eða fóru í langtímaleyfi frá skólanum. Af þessum 68 nemendum voru 15 innritaðir í skólann en þáðu svo ekki boð um skólavist og hófu því raunverulega aldrei nám við skólann. Tólf nemendur voru skráðir í langtímaleyfi af ýmsum ástæðum. Sjö af þeim eru í stað- eða fjarnámi annars staðar, þar af tveir erlendis við nám samkvæmt upplýsingum frá nemendum. Hinir fimm eru ekki í námi og er óvíst hvort þau snúi aftur í MS. Leyfin eru veitt ýmist vegna barnsburðarleyfis (2), íþróttaiðkunar/flutninga erlendis (3), vanlíðanar sem hafði áhrif á nám (3), náms annars staðar á landinu (1), vinnu nemanda (1) eða brotthvarfshættu vegna ákveðinnar uppgjafar á

lokaspretti í námi (2). Skólinn leitar leiða til að halda sambandi við þessa nemendur til að hjálpa þeim að ljúka stúdentsprófi eða hvetja þá áfram í annað nám við hæfi.

Af þeim 41 sem eftir standa eru 29 í öðru námi á framhaldsskólastigi og tveir fluttust erlendis til að fara í nám samkvæmt upplýsingum frá nemendum / forráðafólki. Hinir 10 teljast til brotthvarfs þar sem viðkomandi nemendur eru ekki í öðru námi. Nokkrir þessara 10 hófu annað nám eftir að þeir hættu í MS en hafa hætt í því líka án þess að ljúka prófi.

Brotthvarfsmenndur á tímabilinu teljast því alls 10 og brotthvarf er þá 1,5% miðað við fjölda nemenda á stúdentsbrautum við upphaf haustannar 2024 (669). Brotthvarf nemenda á starfsbraut er líka tekið til skoðunar en þar sem utanumhald um þann hóp er meira og eftirfylgni út á vinnumarkað eða yfir í annað nám er meiri ættu skilgreiningar á brotthvarfi því að vera aðrar og eru nemendur á starfsbraut því ekki með inni í þessum tölum.

Námstími

Af þeim 183 nýnemum sem hófu nám haustið 2023 (árg. 2007) hafa 141 verið brautskráðir innan þriggja ára frá MS eða 77%. Gögn úr Inna sýna að 13 til viðbótar hafa útskrifast frá öðrum skólum innan þriggja ára og hafa því alls 84% nýnema sem hófu nám við MS haustið 2023 útskrifast innan þriggja ára. Af þeim 12 sem eru enn skráðir í MS hafa níu lokið 134 einingum eða meira og munu vonandi ljúka stúdentsprófi á næstu önnum.

Af þeim 234 nýnemum sem hófu nám haustið 2022 (árg. 2006) brautskráðust 166 (71%) innan þriggja ára en 78% þegar horft er til þeirra sem skiptu um skóla og brautskráðust innan þriggja ára. Fjöldi þeirra sem hafa brautskráðst frá MS innan fjögurra ára eru 178 eða 76%. Gögn úr Innu sýna að 33 til viðbótar hafa útskrifast frá öðrum skólum innan fjögurra ára og alls hafa því 211 nýnema sem hófu nám við MS haustið 2022 útskrifast innan fjögurra ára eða 90%.

Skólinn nær því markmiðum sínum um að 75% nemenda sem hefja nám í MS strax að loknum grunnskóla brautskráist innan þriggja ára. Að auki nær skólinn því markmiði sínu að 90% nemenda brautskráist innan fjögurra ára. Undanfarin þrjú ár hefur það markmið verið óraunhæft þar sem brautskráningarlutfall innan fjögurra ára hefur hæst mælst 88% en 85% árin á undan. Ef til vill mátti rekja þær tölur til afleiðinga heimsfaraldurs á nám og námsframvindu nemenda og er ánægjulegt að ná þessu markmiði í ár.

Þess má geta að nokkrir nemendur úr 2003-2005 árgöngum eru enn skráðir í MS og eiga aðeins stutt eftir af náminu. Skólinn heldur góðu sambandi við nema á fjórða og fimmta ári og stefnir að því að fylgja þeim alla leið og draga úr brotthvarfi. Í ljósi þess er eðlilegt að horfa einnig til útskriftarlutfalls innan fimm ára. Í rýni stjórnenda vorið 2025 kom fram að 88% (202) hópsins sem hóf nám haustið 2021 (árg. 2005) höfðu útskrifast innan fjögurra ára frá MS eða öðrum skólum. Samkvæmt gögnum í Innu má sjá að 91% (210) nemenda úr þessum hóp hafa nú útskrifast innan fimm ára.

Starfsþróun

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná markmiðunum er áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og fjölbreytt starfsþróunartækifæri fyrir starfsfólk skólans.

Á skólaárinu 2025 – 2026 sóttu 15 starfsmenn námsferðir erlendis auk þess sem skólinn sendi 10 nemendur erlendis í námsferðir.

Innan skólans voru haldnar þrjár menntabúðir á árinu þar sem allir kennarar mættu og flestir aðrir starfsmenn. Markmið menntabúða er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í

skólastarfi. Haldið var áfram að efla þekkingu kennara á kennslukerfi skólans (Inna) en nokkrir kennarar tóku þátt í prufukeyrslu á prófakerfinu Dugga sem aðrir skólar hafa verið að skoða að taka upp.

Ánægjulegt er að MS hefur náð að efla samstarf sitt við aðra skóla á vettvangi starfsþróunar en sú þróun er fylgifyrirlit þeirra breytinga sem gerðar voru á skipulagi starfsþróunar í kjarasamningi og tilkomu skólaþróunarteymisins.

Kennarar og stjórnendur MK heimsóttu Menntabúðir í MS í desember 2025 til að kynna sér fyrirkomulagið. Starfsfólk heimsótti ML í aprílmánuði og átti þar mjög góðan dag með kennurum og starfsfólki skóla sem er mjög ólíkur MS. Í maí 2026 fór starfendarannsóknahópur MS í heimsókn í Tækniskólann þar sem starfandi er starfendarannsóknarhópur að fyrirmynd MS. Í vor var svo haldinn sameiginlegur starfsdagur með FB þar sem Margret Rasfeld var sérstakur gestur og kynnti fyrir fólki mjög áhugaverðar hugmyndir um nemendastýrt nám.

Eitt af flaggskipum Menntaskólans við Sund hefur til fjölda ára verið virkni kennara í starfendarannsóknum. Á hverju ári er virkur hópur kennara og stjórnenda sem tekur þátt í starfi starfendarannsóknahópsins og á skólaárinu voru virkir þátttakendur að jafnaði 12-20 talsins. Sem fyrr voru fjölmargar skemmtilegar hugmyndir að starfendarannsóknum og mikil gróska í skólafunum.

Skólinn setur á hverju ári verulegt fjármagn í starfsþróun kennara í gegnum samstarfsnefndina. Að þessu sinni gat KÍ fólk innan skólans sótt um alls 19 starfsþróunarþrep. Hluti þessara kennara nýtti þrepið til þess að sinna starfendarannsókn og skuldbundu sig um leið til að taka þátt í starfi hópsins. Hópurinn hittist 5 sinnum á skólaárinu auk þess að taka þátt í Menntabúðum í samstarfi við skólaþróunarteymið. Ytri ráðgjafi hópsins var Guðrún Ragnarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.

Á árinu var í fjórða sinn ráðinn verkefnastjóri um innleiðingu leiðsagnarnáms og undir hennar handleiðslu starfaði 7 manna hópur kennara að innleiðingu leiðsagnarnáms í kennslu sinni, öll fengu þrep fyrir að taka þátt og því var áhersla á virkni og helgun gagnvart verkefninu. Allir í námssamfélaginu fengu það verkefni að kynna vissa hluta af bók Nönnu Kristínar sem heitir Leiðsagnarnám: Hvers vegna, hvernig, hvað? Einnig var námsfélögum gert að gera aðgerðaráætlanir í upphafi vetrar.

Meðlimir hópsins skiluðu afrakstri vetrarins á Menntabúðum en einnig leiddu leiðsagnarnáms- og starfendarannsóknahóparnir saman hesta sína við nokkur tilefni og er ljóst að sterk tenging þarna á milli er æskileg til að stuðla að sem bestum árangri við innleiðingu leiðsagnarnámsins.

4.2.1 Kennslufræðileg áhersla og markmið MS – staða gagnvart mælikvörðum

Í *Töflu 3* hér á eftir má sjá heildar yfirlit yfir stöðu kennslufræðilegra áherslna og markmiða Menntaskólans við Sund gagnvart mælikvörðum.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og starfsfólk leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt.	Áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og/eða fjölbreytt starfsþróunartækifæri starfsmanna.	Fjöldi kennara og annarra starfsmanna sem sækir endurmenntun í gegnum erlent samstarf (Erasmus+, SEF, Nordplus o.fl.). Fjöldi menntabúða innan skólans. Námskeið og gestafyrirlestrar innan skólans. Þátttaka í starfendarannsóknahópi MS.	Valkvæðir þættir – fjöldi þátttakenda: Námsf. erlendis – 15 WES – ekki í boði í ár Skyndihjálpar og meðferð slökkvitækja – 15 Skylduþátttaka allra kennara – fjöldi viðburða: Starfsþróunardagurinn Menntabúðir MS x 3 Notkun gervigreindar í kennslu Starfendarannsóknir í MS Fjöldi þátttakenda: 12-20	10.06.26

Leiðsagnarnám verði leiðandi þáttur í kennslu og námsmati	Bæta umgjörð um eflingu leiðsagnarnáms hjá kennurum: - Verkefnisstjórn - Verkefnishópur	Að 11 kennarar taki þátt í verkefnishóp og verkefnisstjóri sé starfandi. Að vinna verkefnishóps flæði út í skólann í gegnum menntabúðir.	7 kennarar tóku þátt í verkefnishópi á skólaárinu og verkefnastjóri var starfandi og markmiðum miðlað í menntabúðum.	10.06.26
Nemendur náí sem bestum árangri í námi sínu og eflí námskraft sinn	Áhersla á eflingu námskrafts og leiðsagnarnáms, öflug nemendajónusta auk hvatningar og eftirfylgni með mætingu	Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærrí	Haustönn: 6,8 Vetrarönn: 6,7 Vorönn: 7,1 Meðaltal: 6,9	12.06.25
		Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga (undir 5 í einkunn) sé 10% eða lægra	Haustönn: 4,5% Vetrarönn: 6,5% Vorönn: 6,5% Meðaltal: 5,8%	16.06.26
		Heildarfjöldi úrsagna úr áfanga á miðri önn og hlutfall af fjölda einkunna.	Haustönn: 17 (0,49%) Vetrarönn: 18 (0,53%) Vorönn: 3 (0,08%)	16.06.26
		Raunmætingarhlutfall nemenda sé 80% eða hærra	Haustönn: 86,0% Vetrarönn: 82,5% Vorönn: 81,3% Meðaltal: 83,3%	16.06.26
		Brotthvarf nemenda sé 1% eða lægra	1,5% skv. brottfallsskýrslu okt. 2025 (skýrsla unnin í október hvert ár).	des. 2025
		Að 75% nemenda sem hefja nám í MS strax að loknum grunnskóla brautskráist innan þriggja ára.	77% (141) þeirra 183 nýnema sem hófu nám haustið 2023 eru brautskráðir frá MS innan þriggja ára. 13 til viðbótar hafa útskrifast frá öðrum skólum og því 84% nýnema haustið 2022 sem hafa útskrifast innan þriggja ára.	16.06.26
		Að 90% nemenda sem hefja nám í MS strax að loknum grunnskóla brautskráist innan fjögurra ára.	76% (178) þeirra 234 nýnema sem hófu nám haustið 2022 eru brautskráðir frá MS innan fjögurra ára. Að auki hafa 33 útskrifast frá öðrum skólum og brautskráningarhlutfall þeirra sem hófu nám í MS haustið 2022 á fjórum árum því 90% (211).	16.06.26

Tafla 3: Markmið tengd kennslufræðilegri áherslu – staða gagnvart mælikvörðum

4.3 Staða mælikvarða gagnvart markmiðum jafnlaunakerfis

Samhliða innleiðingu jafnlaunakerfis hefur Menntaskólinn við Sund sett sér markmið varðandi jafnrétti, launaákvæðanir og upplýsingar um kerfið sjálft. Aðgerðir hafa verið skilgreindar sem og mælikvarðar til að meta hvort markmiðum sé náð.

Eitt markmiðanna hljóðar svo: „Að jafnrétti sé leiðarljós í starfi skólans.“ Unnið er að þessu markmiði með því að uppfæra reglulega og fylgja jafnréttis- og mannréttindastefnu skólans. Einnig er leitast við að viðhalda jöfnu hlutfalli kynja í stjórnunarstöðum í skólanum.

Einn mælikvarðinn kemur úr könnuninni *Stofnun ársins*, með tilvísun til viðhorfa starfsmanna til fullyrðingarinnar „Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna.“ Markmið skólans er að mælast með sambærilegum hætti og aðrir framhalds- og háskólar, þó helst að skora hærra. Í ár náðist þetta markmið, MS stendur nánast í stað og mælist sem fyrr lítillega hærra en viðmiðið.



Mynd 5: Upplifun starfsfólks MS af áherslu stofnunarinnar á jafnrétti kynjanna á vinnustaðnum

Til að fylgja eftir jafnlaunamarkmiðum sínum rekur skólinn vottað jafnlaunakerfi, í tengslum við það kerfi fer fram rýni á ári hverju og unnið að sífelldum umbótum eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Eitt af markmiðum jafnlaunakerfis er að viðmið við ákvörðun launa og annarra starfskjara byggji á efnislegum forsendum og eigi sér stað óháð kyni starfsfólks. Til að ná þessu markmiði er lögð áhersla á að vinna gegn óútskýrðum launamun með árlegum launagreiningum og rýningu greininganna auk innri úttekta. Í launagreiningu fyrir tímabilið 01.01.2025 – 31.12.2025 mældist launamunur milli sömu eða jafn verðmætra starfa sem reyndist þó í öllum tilfellum eiga sér skýringar. Í greiningunni komu einnig fram útlagar í tölfræðinni en það reyndust tilfelli þar sem skýringar voru til staðar.

Kynjahlutföll í stjórnun eru í dag í nokkuð góðu samræmi við kynjahlutföll í skólanum almennt en í fag- og verkefnastjórn hallar enn á karla þótt staðan hafi lagast umtalsvert síðustu ár. Æskilegt er að vinna áfram að því að reyna að jafna betur kynjahlutföll eins og mögulegt er samhliða því að gæta að hæfni þeirra einstaklinga sem ráðast í störf. Ýmis fleiri markmið hafa verið sett sem skoða má betur í kafla 4.3.1.

4.3.1 Yfirlit yfir stöðu mælikvarða gagnvart markmiðum jafnlaunakerfis

Í *Töflu 4* hér á eftir má sjá heildar yfirlit yfir stöðu markmiða jafnlaunakerfis Menntaskólans við Sund gagnvart mælikvörðum.

Markmið	Aðgerð / verkþáttur	Ábyrgðar- aðili	Tími	Mælikvarðar	Staða	Staða tekin (dags.)	
Markmið Menntaskólans við Sund um launajafnrétti (sbr. 18. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)							
Jafnlaunamarkmið MS er að starfsfólk fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Rekstur vottaðs jafnlaunakerfis byggt á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012, sbr. lög nr. 56/2017.	Konrektor	Júní/ágúst ár hvert (ytri úttekt)	Að Menntaskólinn við Sund haldi jafnlaunavottun en ytri úttektir jafnlaunakerfis skólans fara fram árlega.	Vottað jafnlaunakerfi frá júní 2022. Viðhaldsúttekt lokið ágúst 2025.	09.06.2026	
	Framkvæma launagreiningar skv. VKL-201 Launagreining og vöktun.	Konrektor	Við lok hvers skólaárs	Að launagreining hafi farið fram áður en skrifstofa skólans lokar fyrir sumarleyfi.	Launagreining framkvæmd fyrir skólaárið 2025-26 (laun frá 01.01.25-31.12.25) - sjá GÁT-028 og í Emblu.	18.06.2025	
	Rýna launagreiningar og bregðast við frávikum skv. VKL-402 Frábrigði, úrbætur og forvarnir.	Konrektor	Við lok hvers skólaárs	Að rýning launagreiningar fari fram og skráning á niðurstöðum hennar í GÁT-028 Launagreining - úrvinnsla á niðurstöðum – sýni að óútskýrður launamunur eigi sér ekki stað.	Við úrvinnslu á niðurstöðum launagreiningar kom fram að útlagar eru til staðar sem skoða þarf nánar.	19.06.2026	
	Leiðréttingar á launaröðun komi í ljós að röðun sé röng.	Konrektor	Þegar þörf krefur	Að búið sé að staðfesta allar leiðréttingar skólaárs í Planner áður en skrifstofa skólans lokar fyrir sumarleyfi.	Allar leiðréttingar skólaársins frágengnar.	11.06.2026	
	Allt starfsfólk skal upplýst um að jafnlaunakerfi er innleitt og því viðhaldið í stofnuninni.		Konrektor	Í upphafi hvers skólaárs.	Að kynning jafnlaunakerfis fari fram árlega.	Kynning fór fram á starfsfólksfundum 20.08.2025 (skyldumæting alls starfsfólks á fundinum).	20.08.2025
					Að 80%+ af starfsfólki skólans telji sig upplýst um jafnlaunakerfi skólans.	Vel: 78% Hvorki né: 22% Illá: 0%	sept. 2025

	Gera vinnuskýrslur, upplýsa kennara, staðfesta og óska eftir staðfestingu.	Konrektor	Upphaf hværrar annar	Hlutfall vinnuskýrslna staðfestar af konrektor í INNU.	HA24: 100% VE24: 100% VO25: 100%	10.06.2026
				Fjöldi vinnuskýrslna staðfestar af kennara í INNU.	HA24: 100% VE24: 100% VO25: 100%	
Markmið Menntaskólans við Sund um jöfn tækifæri til starfa og framgangs í starfi óháð kyni (sbr. 19. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)						
Starfsfólk óháð kyni hafi jafna möguleika á störfum og stöðuhækkunum við skólann, að teknu tilliti til þess að jafna þurfi kynjahlutfallið í starfsmannahópnum og meðal stjórnenda.	Ráða einstaklinga af því kyni sem hallar á sækji tveir jafnhæfir einstaklingar um starf við skólann.	Rektor	Alltaf	Jöfn kynjahlutföll í yfirstjórn.	KK: 50% KVK: 50%	10.06.2026
				Jöfn kynjahlutföll í fagstjórn.	KK: 25% KVK: 75%	10.06.2026
				Jöfn kynjahlutföll í kennslu.	KK: 28% KVK: 72%	11.06.2026
				Jöfn kynjahlutföll á þjónustusviði.	KK: 33% KVK: 67%	11.06.2026
	Í starfsauglýsingu skulu öll kyn hvött til að sækja um viðkomandi starf og tekið fram að við ráðningar sé tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.	Rektor	Alltaf	Að upplýsingarnar komi fram í öllum starfsauglýsingum.	100% auglýsinga innihalda textann.	11.06.2026
Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllu starfsfólki óháð kyni.	Konrektor	Alltaf	Jöfn kynjahlutföll í aðsókn starfsfólks að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun í boði skólans.	Skráð mæting - KK: Aðsókn í 6,5 viðburð að meðaltali - KVK: Aðsókn í 5,3 viðburð að meðaltali Starfendaranns. og leiðs.nám: - KK: 33% - KVK: 67% Starfsþr erlendis: - KK: 6% - KVK: 84%	11.06.2026	
Markmið Menntaskólans við Sund um að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnavart fjölskyldu (sbr. 13. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla).						

Starfsfólk geti samræmt starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu.	Kennarar stýra tíma- og staðsetningu undirbúningsvinnu.	Rektor	Alltaf	Að ekki sé gerð krafa um viðveru kennara í skólanum í undirbúningstíma þeirra.	Er frjálst.	10.06.2026
	Tekið tillit til töfluóska kennara ef mögulegt er.	Námsbrauta- og námskrárstjóri	Fyrir stundatöflugerð	Að kallað sé eftir óskum kennara um stundatöflur og orðið við þeim ef mögulegt er.	Er gert.	10.06.2026
	Annað starfsfólk nýtur betri vinnutíma.	Rektor	Alltaf	Að allt starfsfólk þjónustusviðs geti nýtt sér betri vinnutíma / styttingu vinnuvikunnar.	Öllum býðst 1 styttingardagur á mánuði m.v. fullt starf	10.06.2026
	Skipulag skóladagatali taki tillit til þarfa fjölskyldufólks.	Rektor	Mars/apríl ár hvert	Að haustfrí og/eða matsdagur séu í skóladagatali MS þegar vetrarfrí eru í skólum Reykjavíkurborgar.	Er gert.	10.06.2026
	Fjölskylduábyrgð ógni ekki starfsöryggi.	Rektor	Alltaf	Að rök á bak við uppsagnir sýni að til þeirra komi ekki vegna fjölskylduábyrgðar.	Engin uppsögn á skólaárinu.	10.06.2026
Starfsfólk óháð kyni nýti rétt sinn til fæðinga- og foreldraorlofs.	Kynna fyrir verðandi foreldrum réttindi sín og skyldur.	Rektor	Eftir þörfum	Að verðandi foreldrum í hópi starfsfólks séu kynnt réttindi sín og skyldur. Eitt tilfelli á skólaárinu.	Er gert.	10.06.2026
Fundarhöld séu á dagvinnutíma.	Fundir skulu skipulagðir á dagvinnutíma, nema aðstæður krefjist annars.	Rektor	Alltaf	Að fundir séu ekki skráðir utan dagvinnutíma í „Vikuna framundan“ nema í undantekningar tilvikum þegar verið er að funda með foreldrafélagi/ráði.	Er fylgt, fundir ekki utan dagvinnutíma nema þegar ná þarf til aðstandenda.	10.06.2026
Yfirvinnu er stillt í hóf.	Ekki skal þrýst á starfsfólk að taka að sér yfirvinnu en að teknu tilliti til hæfnikrafa verkefna skal þó öllu starfsfólki bjóðast yfirvinna til jafns sé hún til staðar.	Rektor	Alltaf	Að gerð sé könnun á meðal starfsfólks í byrjun skólaárs um hverjir kjósi að taka að sér tilfallandi yfirvinnu.	Könnun var framkvæmd, dregið úr yfirvinnu þegar þess var óskað.	10.06.2026
Fjölskyldumeðlimir hvattir til að kynna vinnustaðnum.	Makar hvattir til að taka þátt í skemmtunum / viðburðum á vegum skólans.	Rektor	Alltaf	Hlutfall viðburða á vegum skólans þar sem makar eru boðnir sérstaklega velkomnir.	Makar sérstaklega hvattir til að mæta á árshátíð og jólahlaðborð og	10.06.2026

					velkomnir á aðra viðburði	
	Börn velkomin á vinnustað starfsfólks þegar leik- og/eða grunnskólar loka tímabundið.	Rektor	Alltaf	Að starfsfólki sé heimilt að taka börn sín með í vinnuna þegar leik- og grunnskólar eru lokaðir.	Er gert.	10.06.2026
Menntaskólans við Sund hefur sett sér EKKO stefnu og er einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi ekki liðið (sbr. 14. og 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)						
Einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi er ekki liðið í skólanum. Því eru fyrirbyggjandi aðgerðir og fyrirfram ákveðin viðbrögð nauðsynleg.	Verklag skilgreint, eftir því unnið og það uppfært eftir þörfum.	Rektor	Alltaf	Að skráningar sýni að unnið sé í samræmi við EKKO ferla skólans þegar slík mál koma upp.	Staðfest í skráningum á samvinnusvæði starfsfólks sem sinnir EKKO málum (í Teams).	10.06.2026
Auka þekkingu á klámvæðingu, einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi.	Fræðsla fyrir starfsfólk.	Rektor	Á hverju skólaári.	Að fræðsla fari fram árlega.	Ekki gert.	10.06.2026
	Fræðsla fyrir nemendur.	Jafnréttisfulltrúi	Á hverju skólaári.	Að fræðsla fari fram árlega.	Fræðsla í Krossgötum.	10.06.2026
Starfsfólk og nemendur sé upplýst um viðbrögð skólans í EKKO málum.	Kynning fyrir starfsfólk.	Konrektor	Kynning í upphafi skólaárs.	Að kynning fari fram árlega.	Kynnt á starfsdögum haustið 2025	10.06.2026
	Kynning fyrir nemendur.	Jafnréttisfulltrúi	Kynning í upphafi skólaárs.	Að kynning fari fram árlega.	Kynnt í Krossgötum. Tilkynningahnappur á heimasíðu skólans.	10.06.2026
Í Menntaskólanum við Sund skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)						
Nemendur njóti jafnréttis og kynjafræðslu og þeir undirbúnir undir jafna	Nemendur fá í Krossgötum jafnréttis- og kynjafræðslu þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni hinsegin fólks og fatlaðra.	Ráðgjafi/ráðgjafar sem sinna Krossgötum	Á fyrsta námsári nemenda.	Að allir nemendur sækir áfangann Krossgötur.	Allir nýnemar innritaðir í Krossgötur 1, 2 og 3 á fyrsta námsári og Krossgötur 4 á þriðja námsári.	10.06.2026

Þátttöku í lýðræðissamfélagi.	Allir nemendur á stúdentsbrautum sækja áfangann FÉLA2ES05 þar sem þeir kynna félagslegum þáttum sem stýra hugsun og athöfnum einstaklinga innan samfélagsins. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið.	Námsbrauta- og námskrárstjórnari	Á 1.-2. námsári nemenda.	Að allir nemendur á stúdentsbrautum sækja áfangann FÉLA2ES05.	Allir nemendur á stúdentsbrautum sækja áfangann FÉLA2ES05 eða sambærilegan áfanga komi þeir úr öðrum frh. skólum.	10.06.2026
	Að allir nemendur á starfsbraut fái markvissa jafnréttis- og kynjafræðslu.	Brautarstjóri starfsbrautar	Á öllum öllum.	Samantekt brautarstjóra starfsbrautar	Er gert, sinnt af brautarstjóra, hjúkrunarfræðingi og náms- og starfsráðgjafa.	10.06.2026
	Jafnréttisvika í MS.	Jafnréttisfulltrúi	Á hverju skólaári.	Að jafnréttisvika sé haldin árlega.	Jafnréttisvika var haldin í febrúar 2026.	10.06.2026
Í Menntaskólanum við Sund skulu öll kennslu- og námsgögn þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)						
Að námsgögn mismuni ekki eftir kynjum.	Við val á námsefni sé jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi.	Fagstjórar	Í upphafi hverrar annar.	Að allar námsáætlanir séu rýndar af fagstjóra og viðkomandi kennara og sú rýning staðfest.	Úrtak skólaársins 2025-2026: 76-87 áfangar kenndir á stúdentsbr.: - 95% námsáætl. skilað - 100% með staðf. rýni fagstjóra - 100% með staðf. rýni kennara	10.06.2026 Unnið út frá birtum námsáætlunum í Innu.
Í Menntaskólanum við Sund skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)						
Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf varðandi nám og störf óháð kyni.	Nemendur fá fræðslu um náms- og starfsval og þar m.a. horft til kynjasjónarmiða.	Náms- og starfsráðgjafar	Formlega á fyrsta og þriðja skólaári nemenda í hópráðgjöf.	Að allir nemendur sækja áfangann Krossgötur.	Allir nýnemar innritaðir í Krossgötur 1, 2 og 3 á fyrsta námsári. Allir nemendur á þriðja ári	10.06.2026

			Óformlega - alltaf		innritaðir í Krossgötur 4 skólaárið 2025-2026.	
Í Menntaskólanum við Sund skal kynja- og jafnréttisjónarmiða gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð (sbr. 15. grein laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla)						
Samþættingar kynja og jafnréttisjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólalastarfinu.	Þess verði gætt að fulltrúar allra kynja, eins og við verður komið, komi að stefnumótun og áætlanagerð svo sem þegar unnið er við skólanámskrá, við gæðastjórnun, jafnlaunakerfi og innra mat. Með þessu verði tryggt að sjónarmið allra kynja endurspeglast í stefnumótun og áætlanagerð skólans.	Rektor	Við alla vinnu við stefnumótun og áætlanagerð.	Aðkoma kynja að eftirfarandi verkefnum á skólaárinu greind: * Stefnu- og áætlanagerð * Gæðastjórnun og jafnlaunakerfi * Innra mat	Fjöldi kk./kvk. með aðkomu að eftirfarandi: Stefnu- og áætlanagerð: 2 kk., 3 kvk. Gæðaráð: 3 kk., 3 kvk. Innra mat: 1 kk., 2 kvk.	10.06.2026
Í Menntaskólanum við Sund skal tryggja rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt (3. gr. laga nr. 80/2019)						
Að tryggja rétt nemenda og starfsfólks til að skilgreina kyn sitt.	Nemendur geti skilgreint kyn sitt í INNU og leiðbeiningar um skráningu sé til staðar.	Konrektor	Alltaf	Að leiðbeiningar séu til staðar í INNU.	Leiðbeiningar eru til staðar.	10.06.2026
				Að opið sé fyrir skráningu kyns í INNU.	Er virkt.	10.06.2026
	Nemendur og starfsfólk geti fengið breytingu á skráningu nafns síns í INNU og Office aðgangi sínum hjá skólanum óháð skráningu nafns í Þjóðskrá.	Konrektor	Þegar þörf krefur	Að brugðist sé við óskum um breytingu á skráningu nafns í INNU og Office.	Er gert.	10.06.2026

Tafla 4: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum jafnlaunakerfi

4.3.2 Árangur jafnlaunakerfisins

Í rýni stjórnenda skal tekin afstaða til þess hvort jafnlaunakerfið:

- Henti áfram
- Sé fullnægjandi
- Sé virkt

Unnið hefur verið með kerfið á skólaárinu, það aðlagð jafnt og þétt í samræmi við ábendingar, athugasemdir og kvartanir. Innra mat hefur einnig beinst að ýmsum þáttum sem tengjast kerfinu en litið er á alla þessa þætti sem tækifæri til umbóta. Kerfið er virkt hentar skólastarfinu, telst fullnægjandi og viðhaldið með virkum innri og ytri úttekjum og skipulögðum viðbrögðum komi fram tilefni til aðgerða.

4.4 Staða mælikvarða gagnvart stefnu og markmiðum um rekstur, húsnæði og skipulag

Í Menntaskólanum við Sund er lögð áhersla á að nýta vel þær fjárheimildir sem skólinn hefur til umráða og gæta aðhaldssemi hvar sem kostur gefst. Til að ná fram rekstrarlegum markmiðum er góðu skipulagi haldið í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis.

Einnig er mikil áhersla lögð á góða nýtingu í námshópum en hópastærðir hafa mjög mikið að segja í rekstri skólans. Hvað aðbúnað og húsnæði varðar þá vinnur yfirstjórn skólans með FSRE að þróun skólans varðandi húsnæði og aðbúnað.

Á skólaárinu 2025 – 2026 hefur skólinn enn sem fyrr glímt við alvarlegan húsnæðisvanda.

Valkostagreining sem unninn var fyrir MRN árið 2025 og kynnt stjórnendum MS hefur enn ekki verið birt, þvert á móti verður ekki annað séð en að þeirri vönduðu og kostnaðarsömu vinnu sem þar var unnin hafi verið stungið ofan í skúffu. Skólinn fékk plástur á sárið í ákveðnum skilningi þegar nýjar færanlegar skólastofur voru teknar í notkun við upphaf vetrarannar í nóvember 2025. Vissulega breyta þessar stofur miklu en rót vandans er enn til staðar og ástandið versnar dag frá degi. Þegar þetta er ritað hefur ekkert spurst af því hvort verið sé að hugleiða aðgerðir, hvað þá hvort verið sé að leita leiða til að fjármagna framkvæmdir. Ástandið er sem fyrr algjörlega óboðlegt hvernig sem á það er litið.

4.4.1 Yfirlit yfir stöðu mælikvarða gagnvart markmiðum um rekstur, húsnæði og skipulag

Í *Töflu 5* hér á eftir má sjá heildar yfirlit yfir stöðu markmiða jafnlaunakerfis Menntaskólans við Sund gagnvart mælikvörðum um húsnæði, rekstur og skipulag.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að rekstur skólans sé í samræmi við fjárheimildir og innan 4% skekkjumarka.	Vandaðar rekstraráætlanir og gripið til aðgerða sýni áætlanir þörf fyrir hagræðingu	Að rekstur skólans sé innan fjárheimilda á hverju rekstrarári.	Rekstrarniðurstaða ársins 2025 var -0,52%	11.06.26
		Að uppsafnaður rekstrarhagnaður eða rekstrarhalli sé innan við 4% fjárheimilda.	Hlutfallsleg rekstrarniðurstaða (uppsafnað) var -0,35%	11.06.26
Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni	Nákvæm skipulagning hvers skólaárs með tilliti til kennsluþarfar og fjölda námshópa í hverjum áfanga	Að meðalnýting á námshópum sé yfir 90%	HA 25 15 nem. hópar – 112% 25 nem. hópar - 108% VE 25-26 15 nem. hópar – 115% 25 nem. hópar - 105% VO 26	11.06.26

			15 nem. hópar – 129% 25 nem. hópar - 101% Meðaltal skólaársins 15 nem. hópar – 118% 25 nem. hópar - 105%	
Markvisst unnið að endurnýjun tækja og búnaðar	Jafnvægi haldið í umfangsmiklum rekstrarþáttum eins og launum og öðrum rekstri til að svigrúm gefist til endurnýjunar.	Að fjárfestingarframlag skólans fari til endurnýjunar tækja og búnaðar.	Á árinu 2025 var 88,8% fjárfestingarframlags skólans varið í endurnýjun tækja og búnaðar. Greiða þurfti niður ofnýttar fjárfestingar fyrri ára og fór 11,2% framlagsins í það.	11.06.26
Starfsmannahald sé innan rekstrarheimilda og mannaúður sé í samræmi við kröfur um menntun og hæfni.	Að jafnvægi sé haldið gagnvart mannaúðspörf skólans	Hlutfall yfirvinnu af heildar launakostnaði skólans verði undir 10%	Á árinu 2024 var hlutfall yfirvinnu af heildar launakostnaði skólans 16,0%	11.06.26
Að skólinn starfi eftir vottuðu jafnlaunakerfi samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012	Innleiðing og rekstur jafnlaunakerfis	Að skólinn hljóti og viðhaldi jafnlaunavottun skv. ÍST 85:2012	Þetta ákvæði er í óvissu. Vottun verður ekki endurnýjuð en mögulega kemur annað ferli í staðinn.	10.06.26

Tafla 5: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum um rekstur, húsnæði og skipulag

5. Staða forvarna og úrbóta

Stöðugt er unnið að forvörnum og úrbótum innan skólans er varða nemendur, starfsfólk, nám og námsframboð, rekstrarþætti, launajafnrétti og jafnréttismál sem og viðhald og endurnýjun á búnaði.

Á skólaárinu 2025 – 2026 hefur verið unnið að eftirfarandi forvörnum og úrbótum:

- Í MS er sterk hefð fyrir öflugri starfsþróun. Starfandi voru tveir hópar starfsfólks á skólaárinu sem fengust við starfendarannsóknir og leiðsagnarnám.
- Verkefnastjórn um leiðsagnarnám hélt áfram sem og starfshópur starfsfólks um innleiðingu þess.
- Starfendarannsóknir héldu áfram að vera virkur þáttur í skólastarfinu með áherslu á þverfaglegt samstarf, þátttöku í menntabúðum og samstarfi við starfshóp um leiðsagnarnám.
- Krossgötur voru þróaðar áfram með áherslu á móttöku, stuðning og fræðslu nýnema. Ráðinn var verkefnastjóri fyrir Krossgötur.
- Áframhaldandi áhersla á jafnrétti og nemendalýðræði þar sem félagsmálastjóri vísaði veginn.
- Áfram var leitast við að ná fram bættu aðgengi nemenda að félagslífinu með inngildingum nemenda að leiðarljósi. Árangur er sýnilegur á starfsbrautinni en gera þarf betur, þarna liggja stórar áskoranir.
- Starfsbrautin dafnar vel með aukinni festu og reynslu. Það voru stór á ánægjuleg tímamót núna í vor þegar fyrsti hópur nemenda brautskráðist.
- Nemendapjónusta skólans er stöðugt að leita leiða til að sinna þörfum nemendahópsins betur. Framundan eru breytingar með endurskoðun á Krossgötum og starfi félagsmálastjóra.

- Stöðugt er leitað leiða til að koma upplýsingum betur á framfæri til nemenda. Nemendur nýta sér þjónustu skólans í auknum mæli, þar með talið aðstoð við námsval, mat á námi og samsetningu náms. Leitast er við að nemendur hafi sem best aðgengi að upplýsingum, m.a. hefur NoN haldið áfram að taka á mótum nemendum og tekur við fjölda þeirra á hverri önn og sinnir þeim persónulega.
- EKKO ferlar skólans voru virkjaðir í nokkrum tilfellum, mál meðhöndluð í samræmi við ferla. Mál leystust án þess að klára þyrfti ferlið.
- Tilkynningahnappur er virkur á heimasíðu skólans, á skólaárinu komu upp tilfelli þar sem á þetta reyndi.
- Stefnt er að því að setja snjallmenni á heimasíðu skólans þar sem veittar verða upplýsingar um skólastarfið og rekstrahandbóki. Áfram unnið að því að þróa rafræna starfsmannahandbók í sharepoint umhverfinu.
- Áhersla á upplýsingagjöf til nemenda og aðstandenda í gegnum samfélagsmiðla og með reglulegum fréttabréfum.
- Allir nýnemar munu áfram taka þátt í edrúpotti á dansleikjum skólans. Foreldraráð hefur stutt dyggilega við þetta verkefni með gjafabréfum í edrúpott.
- Verkferlar og verkaskipting varðandi eftirfylgni með mætingu nemenda eru stöðugt í endurskoðun.
- Prófað var að gera breytingar á skráningarmöguleikum viðveru til að efla eftirlit og gera tölfræðina meira lýsandi fyrir þá hegðun sem er í gangi í skólastofunni hverju sinni.
- Menntabúðir MS þróaðar áfram og samstarf við aðra framhaldsskóla eft.
- Hjúrunarfræðingur er starfandi og hefur fjöldi bókana aukist milli ára.
- Mikill tími og orka fór áfram í eftirfylgni með húsnæðismálum skólans og því miður verður ekki séð að breyting verði á því.
- Tímabundnar skólastofur, Óskasteinn, hafa verið teknar í notkun en talsvert hefur borið á ábendingum varðandi aðstöðuna sem bregðast þarf við.
- Unnið var áfram að minniháttar viðgerðum og viðhaldi á húsnæði skólans.
- Samskiptasáttmáli skólans er virkur, reglulega koma upp tilvik þar sem gott er að geta vísað til hans.
- Skólinn heldur áfram að upplýsa starfsfólk um formlegar boðleiðir í skólanum.

6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Í upphafi skýrslunnar er farið yfir niðurstöður fyrri rýni stjórnenda. Ýmis atriði sem sett voru á aðgerðarlista er lokið að fullu en önnur munu teygja sig fram á næsta skólaár og enn önnur eru langtímaverkefni sem verða líklega alltaf á aðgerðalista. Þessi atriði verða yfirfarin og eftir atvikum sett aftur inn á aðgerðalista stjórnenda í kafla 9 hér á eftir og tímasett að nýju í verkefnisstjórnunarkerfi (Planner).

7. Breytingar í rekstri MS sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið

- Virðismatsvegferð vegna kjarasamninga KÍ er í fullum gangi og sverfa mun til stáls á næsta skólaári – tækifæri ekki síður en ógn.
- Ákveðið hefur verið að endurnýja ekki Versa vottun á jafnlaunakerfi skólans.

- Áframhaldandi þróun starfsbrautar við skólann.
- Nýjar námslínur fara í gagnid haust, leggja þarf mat á það með hvaða hætti þær breytingar geta bætt skólastarfið.
- Stefnt er að birtingu Rekstrarhandbókar í gegnum snjallmenni á heimasíðu skólans.
- Pólitísk óvissa, ráðherrakapallinn heldur áfram í MRN á sama tíma og fyrir liggja tölur um væntanlegan niðurskurð á framhaldsskólastiginu á næstu árum.
- Starfsmannavelta, veikindi og leyfi eru stöðug ógn við afkomu skólans.
- Algjör óvissa í húsnaðismálum, stór hluti húsnaðis skólans er í raun tifandi tímasprengja.

7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Til að öðlast yfirsýn yfir stöðu mála í starfsemi skólans er gerð SVÓT greining þar sem horft er á sterkar hliðar, veikar hliðar, ógnanir og tækifæri sem felast í umhverfi skólans.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar	Ógnir	Tækifæri
Starfsþróun og starfendarannsóknir	Aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur	Óvissa í húsnaðismálum	Nýjar stofur og húsbúnaður
Fagmennska starfsfólks	Loftgæði	Óvissa í námskrármálum	Virðismatsvegferðin í kjarasamningi KÍ
Sveigjanleiki í námi og námstíma	Raunmæting nemenda	Símanotkun og samfélagsmiðlar	Nýliðun í starfsliði
Lágt brotthvarf	Langvarandi veikindi nemenda og starfsfólks	Niðurskurður á framhaldsskólastigi	Opin skoðanaskipti við starfsfólk um skipulag skólastarfs
Sterk starfsbraut	Helgun nemenda gagnvart námi	Pólitískt stefnuleysi í menntamálum	Árangur í mannauðsmálum
Virkt jafnlaunakerfi	Kynjagslasiða í starfsfólkshópnum	Ávanabindandi efni og spilafíkn nemenda	Samskipti og fagmennska innan starfsmannahópsins
Vottuð samstarfsverkefni: Grænfáni UNESCO skóli PASCH skóli	Neikvæð upplifun nemenda af leiðsagnarmati	Misbeiting gervigreindar	Efling upplýsingatækni/gervigreindar
Samstarf við aðra skóla í þróunarstarfi	Samskiptavandi nemenda + klíkuvæðing	Samfélagsleg viðhorf gagnvart námi	Endurnýjun námskrár
Erlend samstarfsverkefni	Umgengni og viðhorf gagnvart umhverfi sínu		Inngilding nemenda
Sterk skuldbinding og stolt	Inngilding nemenda		
Krossgötur	Ávanabindandi efni og spilafíkn nemenda		
Sundkútar (félagslíf starfsmanna)	Símanotkun og samfélagsmiðlar		
Velliðan nemenda	Félagslíf nemenda		
Starfsánægja	Skortur á aga		
Gróskuhugarfar			

8. Tillögur um umbætur og auðlindir

8.1 Umbætur

- Aðlaga gæðakerfi skólans að áherslum skólans í námi og kennslu.
- Birta rekstrarhandbók á heimasíðu skólans eða gera efni hennar aðgengilegt öllum.
- Þróa áfram skólanámskrána.
- Gera grunnatriði upplýsingatækni að viðfangsefni allra áfanga, það getur enginn einn borið ábyrgð á því verkefni og aðrir firrt sig henni.
- Efla áfram faglegt samstarf milli kennara. Leggja áherslu á þverfaglega samvinnu.
- Leita leiða til þess að starfsþróun skili „breytingu í skólastofunni sem nemendur finna fyrir“.
- Halda áfram að efla starfsfólk í að koma til móts við nemendur með fjölbreyttar þarfir.
- Halda áfram að virkja tækifæri gervigreindar í skólastarfinu m.a. samfara áherslu á leiðsagnarnám og námskraft.
- Efla þarf leiðsagnarnám í MS enn frekar sem mótvægi við prófavæðingu.
- Þróa námsmat almennt og sérstaklega halda áfram að þróa lykilmatsþætti, þvert á fagdeildir.
- Skýra hugtök í náminu (lykilmatsþættir, leiðsagnarnám, samvinna o.s.f.v.) og setja miðlæg viðmið t.d. varðandi leiðbeinandi samskipti kennara og nemenda.
- Þjálfva nemendur í að kynna sér upplýsingar frá kennurum og nýta sér í náminu.
- Skýra verklag og stefnu skólans varðandi raunmætingu og utanumhald ástundunar nemenda. Markmiðið er einfalt kerfi sem tekur tillit til nemenda en veitir á sama tíma fullnægjandi aðhald.
- Leitast við að þroska námsmenningu nemenda, fá foreldra meira inn þar ekki síður en í forvarnarstarfið.
- Halda þarf áfram að auka formfestu í skólastarfinu m.a. með áframhaldandi áherslu á „hálfnað verk þá hafið er“.
- Halda áfram að taka lítil en markviss skref varðandi síma í kennslustundum.
- Halda áfram að leita leiða til að efla forvarnir og taka virkari þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* og ekki leyfa grasrótarkerfum eins og „barist við bettið“ að lognast útaf.
- Áframhaldandi efling nemendabjónustu.
- Halda áfram að leita leiða til að efla félagslíf nemenda og samflétta það betur náminu þannig að þessar tvær víddir skólastarfsins vinni saman. Formgera betur það starf sem nemendur vinna t.d. í tengslum við Thalíu.
- Auka áherslu á lágþroskuldsviðburði í félagslífi t.d. klúbbastarf og draga úr áherslu á dansleiki.
- Leita leiða til að gera umbætur á aðstöðu starfsfólks og nemenda.

8.2 Auðlindir

- Mannauður
- Jákvætt viðmót
- Staðsetning skólans
- Sterk hefð fyrir öflugri starfsþróun
- Starfendarannsóknir og fagmennska
- Aðstaða í Aðalsteini og Óskasteini
- Íþróttahús
- Velliðan nemenda
- Styrkur og hefðir félagslífsins
- Sveigjanlegt og nemendavænt námskerfi

9. Aðgerðalisti

Aðgerðalistinn er einnig viðfangsefni næstu rýni.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VOR 2026			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími (lok)
1	Innri úttektir		
	Viðhalda innri úttektum gagnvart verklagsreglum utan jafnlaunakerfis.	Gæðastjóri	júní 2027
	Viðhalda hæfni og skilvirkni innri úttektaraðila.	Gæðastjóri	júní 2027
2	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Viðhalda þátttöku starfsmanna í Stofnun ársins.	Rektor	nóv. 2026
	Móta ítarlega og skýra starfsþróunaráætlun með starfsþróunarteymi.	Konrektor	ágúst 2026
	Styðja við innleiðingu starfsþróunarvegabréfs KÍ.	Rektor	júní 2027
	Framkvæma þjónustukönnun.	Gæðastjóri	nóv. 2026
	Framkvæma könnun varðandi móttöku nýnema.	Gæðastjóri	sept. 2026
3	Frammistaða ferla, samræmi vöru		
	Skrásetja með markvissum hætti frammistöðu ferla yfir skólaárið (námsárangur, skólasókn, hvenær hvaða listar eru sóttir o.fl.).	Kennslustj.	júní 2027
	Endurskoðun starfslýsinga.	Gæðastjóri	des. 2026
	Vinna áfram að innleiðingu gæðastjórnunarkerfis.	Gæðastjóri	júní 2027
	Skrá verklag fyrir utanumhald með námsferlum nemenda. Til verði gátlisti og verklagsregla.	NON	júní 2027
	Skrá verklag fyrir töflugerð	NON	júní 2027
	Skrá verklag fyrir val nemenda	NON	júní 2027

	Skrá verklag fyrir uppsprettur og áætlanir um fjölda hópa næsta árs	NON	júní 2027
4	Úrbætur		
	Yfirfara skráningu í hæfnimatrixu.	Konrektor	nóv. 2027
	Efla leiðsagnarnám innan skólans.	Konrektor	júní 2027
	Útbúa ítarlegri útgáfu af hæfnimatrixu með áfangaeitum.	Konrektor	júní 2027
	Efla áfram stuðning við félagslíf nemenda.	Kennslustjóri	júní 2027
5	Ytri kröfur (þ.m.t. jafnlaunakerfi)		
	Uppbygging starfsbrautar.	Brautarstjóri/NoN	júní 2027
	Kynning jafnlaunakerfis og meta árangur.	Gæðastjóri	ágúst 2026
	Fullvinna vinnulýsingu VNL-003 (Persónuvernd og upplýsingaöryggi - lýsingar öryggisráðstafana).	Konrektor	Lokið
	Bæta persónubundnum þáttum inn í launagreiningar í Emblu	Konrektor/Fjármálastj.	júní 2027
6	Breytingar sem gætu haft áhrif á stjórnunarkerfið		
	Uppbygging nýrra námslína í INNU.	NON	ágúst 2026
	Endurskoðun námsbrauta.	NON	lokið
	Innleiðing og viðhald mannauðskerfa.	Rektor	júní 2027
	Viðhalda jafnlaunavottun.	Gæðastjóri	Í bið
	Endurskoðun STS-002 með áherslu á gildi skólans.	Gæðastjóri/ Rektor	nóv. 2026
7	Tillögur um umbætur		
	Auka samstarf við foreldraráð / fjölga virkum aðilum.	Kennslustj.	júní 2027
	Viðhalda og bæta heimasíðu.	Kennslustj.	júní 2027
	Árleg útfærsla á „betri vinnutíma“ og „styttri vinnuviku“.	Rektor	ágúst 2026
	Efla forvarnir og virkari þátttaka í heilsueflandi framhaldsskóla.	Kennslustj.	nóv. 2026
	Þróa félagslíf nemenda með áherslu á inngildingun og lágþröskuldspáttöku.	Kennslustj.	júní 2027
	Efla stafræna færni starfsfólks.	Rektor/Konrektor	júní 2027
8	Tillögur um auðlindir		
	Þróa nýja umgjörð um starfsfólkssamtöl.	Rektor	okt. 2026
	Halda áfram að tryggja starfsfólki endurmenntun sem eflir það í starfi og vinna með starfsrþróunarteyminu að því að hámarka fagmennsku.	Konrektor	júní 2027

Áframhaldandi þróun stjórnunarkerfa.	Konrektor	júní 2027
Endurnýja heitið á samskiptasáttmálanum og undirrita.	Konrektor	apríl 2027

19. júní 2026

Staður og dagsetning

Helga S. Þórsdóttir

Helga Sigríður Þórsdóttir, rektor

Leifur Ingi Vilmundarson

Leifur Ingi Vilmundarson, konrektor

Þjördís Alda Hreiðarsdóttir

Þjördís Alda Hreiðarsdóttir, kennslustjóri

Ágúst Ásgeirsson

Ágúst Ásgeirsson, námsbrauta- og námskrárstjóri

Sigurveig Grímsdóttir

Sigurveig Grímsdóttir, fjármálastjóri